

31. jan 1982

LÖG SAMTAKA UM KVENNAFRAMBOÐ

1. Heiti samtakanna er Samtök um kvennaframboð (Kvennaframboðið). Heimili og varnarþing er í Reykjavík.
2. Markmið samtakanna er að:
 - a) auka áhrif kvenna í samféluginu.
 - b) vekja umræðu um stöðu kvenna.
 - c) stuðla að því að ~~viskuforðio og gjákvæði reynta kvenna~~ verði nýtt í þágu betra þjóðfélags.
 - d) berjast fyrir heimi þar sem konur, karlar og börn standa jafnt að vígi, þar sem menning beggja kynja fær að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum sem hugur stefnir til.
 - e) að standa að baki þeirra fulltrúa sem ná kjöri til borgarstjórnar af lista Kvennaframboðsins.
3. Markmiðum þessum hyggjast samtökin ná m.a. með því að bjóða fram til borgarstjórnar í Reykjavík vorið 1982.
4. Samtökin eru öllum opin sem styðja markmið þeirra, enda greiði þeir félagsgjöld.
5. Á vegum samtakanna skulu starfa eftirfarandi nefndir:
 - a) 7 manna framkvæmdanefnd, sem hefur yfirumsjón með öllu starfi samtakanna og annast fjármál þeirra.
 - b) 7 manna fjárlunarnefnd, sem skal skipuleggja fjármögnum kosningabaráttunnar.
 - c) 7 manna kynningarnefnd, sem skipuleggur útbreiðslu og upplýsingarstarf og sér um greinarskrif í blöð.
 - d) 5 manna stefnuskrárnefnd, til að ganga frá og samræma stefnuskrá.
 - e) 5 manna uppstillingarnefnd sem undirbýr framboðslista og leggur fyrir félagsfund til endanlegrar ákvörðunar.
 - f) 5 manna ritstjórn, sem sér um útgáfu málgagns og ritstýrir því.
 - g) 5 manna hússtjórn, sem annast eftirlit og rekstur húsnæðisins Hótel Vík, í samráði við framkvæmdanefnd.
 - h) aðrar nefndir eftir þörfum.

6. Allar meiriháttar ákvarðanir skulu bornar undir félagsfund, sem fer með endanlegt ákvörðunarvald í málefnum samtakanna. Í atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti fundarmanna. Félagsfundi skal halda að minnsta kosti fyrsta laugardag hvers mánaðar og oftar ef þörf krefur, og einnig sé þess óskað af að minnsta kosti 15 félögum. A félagsfundi skal kjósa í nefndir til 4 mánaða í senn og skulu nefndir gera grein fyrir störfum sínum á félagsfundum. Framkvæmdanefnd ~~annast~~ annast undirbúning félagsfunda. Félagsfundur ákveður félagsgjöld.
7. Framkvæmdanefnd er heimilt að ráða starfsmann til að annast daglegan rekstur.
8. Lög þessi skulu endurskoðuð með hliðsjón af breyttum aðstæðum eftir kosningar að vori. Skal það gert á félagsfundi, sem boðaður er skriflega með viku fyrirvara. Til að lagabreytingar öðlist gildi þarf einfaldum meirihluti fundarmanna að samþykkja þær.
9. Til að leggja niður samtökin þarf samþykki 2/3 hluta fundarmanna á tveimur félagsfundum í röð.